

# GARÐASKÓLI 2017-2018

## NÁMSÁÆTLUN Í HEIMSPEKIVALI 9. - 10. BEKKUR

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Námsáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Kennari: Ingimar Waage

**Hæfniviðmið** „Við lok skólaárs getur nemandi...“

### Gagnrýni, mat og þekking

- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin hugmyndir og annarra bæði einn og í samvinnu,
- greint hvernig heimspeki fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu ólíkra hugmynda.

### Miðlun, tjáning og samhengi

- notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á hugmyndum og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,

### Framsetning hugmynda og útfærsla

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og tjáð hugmyndir í fjölbreytta miðla,
- sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn

**Heimanám:** Ætlast er til að nemandi beri ábyrgð á eigin námi. Ef nemandi lýkur ekki við verkefni í kennslustund þarf hann að ljúka þeirri vinnu heima. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og verða sér úti um aukaverkefni ef einhver eru.

**Vinna kennara:** Kennari leggur fyrir nemendur texta við upphaf samræðna og einnig leggur hann inn ákveðin hugtök sem nemendur eiga að tileinka sér og nota í samræðum sínum. Í þessum innlögnum er áhersla lögð á að kynna ólík viðfangsefni heimspekinnar og grunnhugtök gagnrýnnar hugsunar. Stjórnar samræðum nemenda, tryggir að sem flest sjónarmið komi fram.

**Vinna nemenda:** Heimspekileg samræða er megin kennsluaðferðin í heimspekinni. Í samræðunni eru það nemendur sem leggja fram spurningar og skipuleggja dagskrána, skiptast á skoðunum og draga saman niðurstöður. Samræða nemenda er brotin upp með ýmiss konar æfingum, t.d. í



# GARÐASKÓLI 2017-2018

## NÁMSÁÆTLUN Í HEIMSPEKIVALI 9. - 10. BEKKUR

rökleikni. Skriflegum verkefnum af ýmsu tagi er tvinnað inn í vinnuna, t.d. eru niðurstöður samræðna dregnar saman á veggspjöldum eða vefsíðu.

### Heimspeki...

- virkjar spurningar og áhuga nemenda.
- þjálfar samræðufærni og félagsþroska nemenda.
- þjálfar gagnrýna og skapandi hugsun.

**Mat á hæfni á námssviðinu:** Námsmat felst í vinnumöppu og þátttöku í samræðum. Hluti af mati er sjálfsmat nemanda sem er reist á sjálfsmatsblaði (Rubrik) og samtali við kennara.

**Lykilhæfni sem nemandi stefnir að í námsgreininni:** „Við lok skólaárs getur nemandi...“

### Skapandi og gagnrýnin hugsun:

- spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna,
- skilgreint og rökstutt viðmið um árangur,
- verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika,
- tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu,
- beitt mismunandi sjónar- hornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

### Tjáning og miðlun:

- tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt,
- brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
- rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn,
- notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni,
- nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.



# GARÐASKÓLI 2017-2018

## NÁMSÁÆTLUN Í HEIMSPÉKIVALI 9. - 10. BEKKUR

### Vika 34

<b>Viðfangsefni</b> Hvað er heimspekileg spurning?	<b>Námsefni</b> Hvað er heimspekileg	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b> Hæfniviðmið kynnt nemendum, sjá matsviðmið aftast í námsáætlun.
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá viðmið um tjáningu		

### Vika 35

<b>Viðfangsefni</b> Tíminn	<b>Námsefni</b> Tímavélin eftir Martin Cohen	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið fremst í námsáætlun. Áhersla á hlustun og spurningar.		

### Vika 36

<b>Viðfangsefni</b> Örlög	<b>Námsefni</b> Ödipus: Ástir og örlög	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b> Sjálfsmat nemenda í lok tíma.
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á hlustun og spurningar.		

### Vika 37

<b>Viðfangsefni</b> Breytni	<b>Námsefni</b> Hringur Gýges úr Ríkinu eftir Platón	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Meginspurningarnar eru: <ul style="list-style-type: none"><li>• Breyta menn rangt ef þeir vita að þeir komast upp með það?</li><li>• ???</li></ul>		

### Vika 38 - 42

<b>Viðfangsefni</b>	<b>Námsefni</b> Touching the void	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á skýrar ályktanir. Meginspurningar: <ul style="list-style-type: none"><li>• Höfum við takmarkalaust frelsi til að haga lífi okkar að vild?</li><li>• Er nauðsynlegt að treysta öðrum?</li><li>• Er áhætta nauðsynleg til þess að geta notið lífsins?</li></ul>		



# GARÐASKÓLI 2017-2018

## NÁMSÁÆTLUN Í HEIMSPEKIVALI 9. - 10. BEKKUR

### Vika 43 - 44

<b>Viðfangsefni</b> Hvað er samræða?	<b>Námsefni</b> Sókratísk samræða um samfélag.	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á góða hlustun, rökstuðning og ályktanir.		

### Vika 45 - 46

<b>Viðfangsefni</b> Lærdómur, nám og menntun.	<b>Námsefni</b> Munkurinn og lærisveinninn. Verkefni frá Brenifier	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á góðar spurningar og þátttöku í samræðu.		

### Vika 47

<b>Viðfangsefni</b> Jafnrétti-ójafnrétti	<b>Námsefni</b> Verkefni frá Brenifier	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b>
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á hlustun og þátttöku í samræðu.		

### Vika 48

<b>Viðfangsefni</b> Réttlæti-óréttlægi	<b>Námsefni</b> Verkefni frá Brenifier	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b> Leikþættir nemenda metnir
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun. Áhersla á tjáningu.		

### Vika 49

<b>Viðfangsefni</b> Sannleikur og lygi	<b>Námsefni</b>	<b>Leiðsagnarmat og annað námsmat</b> Nemendur skila vinnubókum, vinna sjálfsmat og eiga samtál við kennara um árangur vetrarins.
<b>Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni</b> Sjá matsviðmið aftast í námsáætlun.		

### Önnur verkefni sem unnin eru inn á milli eins og tími vinnst til

- stuttar samræður út frá spurningum nemenda
- stuttar samræður út frá spurningum og/eða fullyrðingum sem nemendur draga úr hatti
- athyglis og hlustunarleikir (t.d. Staðið upp og sest niður:

<https://verkefnabanki.wordpress.com/2013/04/25/stadid-upp-og-sest-nidur/>)



# GARÐASKÓLI 2017-2018

## NÁMSÁÆTLUN Í HEIMSPEKIVALI 9. - 10. BEKKUR

### MATSVIÐMIÐ – HEIMSPEKVAL

Hvaða hæfni þarf að sýna?	Einkunn
<p><b>Skapandi og gagnrýnin hugsun:</b> Nemandi <b>spyr spurninga</b> sem eru skýrar, tengjast viðfangsefninu hverju sinni og <b>opna á ólík sjónarmið</b>. Hugmyndir eru <b>vel rökstuddar</b> og <b>ályktanir skýrar</b>. Sýnir <b>frumkvæði og hugrekki</b> við að setja fram nýjar hugmyndir. Horfist í augu við mistök eða rangar ályktanir og sýnir að hann sé tilbúinn að <b>leiðrétta þær og læra af</b> þeim.</p> <p><b>Tjáning í ræðu og riti:</b> Nemandi <b>tekur virkan þátt</b> í rökræðum og hjálpar bekkjarfélögum að taka þátt líka. Sýnir <b>virka hlustun</b> með látbragði sínu, innleggi í samræður og vinnubókarskrifum. <b>Birtir hugmyndir sínar</b> (í samræðu og vinnubók) og getur gert grein fyrir þeim á skýran og greinargóðan hátt. Leggur af mörkum í rannsóknum sínum og pælingum <b>meira en kennari hafði væntingar</b> um, t.d. með viðbótargögnum eða ítarlegri umfjöllun en beðið var um.</p>	<b>A</b>
	<b>B+</b>
<p><b>Skapandi og gagnrýnin hugsun:</b> Nemandi <b>spyr spurninga</b> og <b>hlustar á ólík sjónarmið</b>. Hugmyndir eru <b>rökstuddar</b> og <b>ályktanir skýrar</b>. Sýnir nokkurt <b>frumkvæði</b> við að setja fram nýjar hugmyndir. Horfist <b>yfirleitt</b> í augu við mistök eða rangar ályktanir og sýnir að hann sé tilbúinn að <b>læra af</b> þeim.</p> <p><b>Tjáning í ræðu og riti:</b> Nemandi <b>tekur þátt</b> í rökræðum. Sýnir <b>virka hlustun</b> með látbragði sínu, yrtu framlagi og vinnubókarskrifum. <b>Birtir hugmyndir sínar</b> (í samræðu og vinnubók) og getur gert grein fyrir þeim að nokkru leyti.</p>	<b>B</b>
	<b>C+</b>
<p><b>Skapandi og gagnrýnin hugsun:</b> Nemandi <b>spyr stundum spurninga</b> og <b>hlustar að einhverju leyti ólík sjónarmið</b>. Hugmyndir eru <b>rökstuddar</b> að einhverju leyti og tilraun gerðar til að draga <b>ályktanir</b>. Sýnir lítið <b>frumkvæði</b> við að setja fram nýjar hugmyndir. Horfist <b>sjaldan</b> í augu við mistök eða rangar ályktanir og sýnir ekki að hann sé tilbúinn að <b>læra af</b> þeim.</p> <p><b>Tjáning í ræðu og riti:</b> Nemandi <b>tekur stundum þátt</b> í rökræðum. Sýnir <b>stundum virka hlustun</b> með látbragði sínu, yrtu framlagi og vinnubókarskrifum. <b>Birtir sjaldan hugmyndir sínar</b> (í samræðu og vinnubók) og nær aðeins að nokkru leyti að tengja þær við viðfangsefnið.</p>	<b>C</b>
Nemandi nær ekki matsviðmiðum sem tilgreind eru fyrir einkunnina C.	<b>D</b>

